

Nd.

95. Viðaukatillaga

við tillögu til þingsályktunar um styrk og lán til flóabáta (þgskj. 56).

Frá samgöngumálanefndinni.

Aftan við tillöguna bætist:

Í viðbót við þann 5000 kr. styrk, sem veittur er í gildandi fjárlögum, 13. gr. C. III. 5. a., fyrir árið 1917, heimilast landsstjórninni að greiða 5000 kr. styrk til mótorbáts Skaftfellinga til flutninga með suðurströndinni, enda sje áætlun bátsins gerð með samráði hlutaðeigandi sýslunefnda.

Fjárveitinganefnd Nd. samþykki á fundi í dag í einu hljóði að mæla með tillögu samgöngumálanefndar Nd. um styrk til mótorbátsferða Skaftfellinga.

Alþingi, 6. jan. 1917.

Gísli Sveinsson,
skrifari nefndarinnar.